

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 302/1995.

Guðmundur Aðalsteinsson

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Bjarna Sigfússyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skaðabætur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.500.000 krónur með ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 29. október 1994, eins og greinir í héraðsdómi, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði og fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi stefnt Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu í málinu.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Atvikum málsins, er gerðust 25. júlí 1992, er lýst í héraðsdómi. Stefndi hafði með munnlegum samningi við áfrýjanda tekið að sér að hífa þunga stanspressu af grunni með stórum krana, þar sem hún stóð inni í húsnæði þrotabús Rafha hf. í Hafnarfirði. Var hún hífd upp í gegnum þak hússins, sem hafði verið rofið í þessu skyni. Við framkvæmd verksins féll pressan úr böndum niður á gólf og eyðilagðist. Stefndi viðurkennir bótaskyldu sína, en málsaðilar deila um, með hvaða fjárhæð tjón áfrýjanda skuli bætt. Er málatilbúnaður stefnda á því reistur, að samningur aðila um kranavinnuna hafi falið í sér, að áhætta sín skyldi takmarkast við það kaupverð, sem áfrýj-

andi galt við kaup á pressunni. Sú fjárhæð, 159.998 krónur, teljist jafngilda verðmæti tækisins. Hafi hann frá upphafi boðist til að greiða þessa fjárhæð og þar með bæta áfrýjanda tjón hans að fullu.

Áfrýjandi mótmælir, að samningur málsaðila hafi falið í sér nokkra takmörkun á áhættu stefnda vegna bótaskyldra mistaka, sem honum kynnu að verða á við flutning pressunnar á ákvörðunarstað. Hann krefst þess jafnframt, að við ákvörðun bóta verði lagt til grundvallar mat dómkvaddra matsmanna á verðmæti pressunnar, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Engu breyti um tjónið, að hann hafi sjálfur eignast tækið fyrir hagstætt verð. Í málatilbúnaði áfrýjanda kemur jafnframt fram, að hann hugðist nota pressuna í atvinnustarfsemi sinni. Hafi hann lagt í kostnað við að losa vélina af grunni og undirbúa uppsetningu hennar í húsnæði, sem þurft hafi að útbúa sérstaklega í því skyni. Nemi sá kostnaður um einni milljón króna, sem þó sé ekki krafist bóta fyrir úr hendi stefnda.

Málsaðilar hafa báðir gefið skýrslu fyrir héraðsdómi, svo og nokkur vitni. Stefndi krafðist þess ekki, að áfrýjandi keypti tryggingu vegna flutnings á pressunni, og hvorki telst sannað, að samið hafi verið eða gerður áskilnaður um takmörkun á bótaskyldu stefnda né um hámark bótafjárhæðar, ef verk hans færi úrskeiðis. Verður ekki fallist á kröfur stefnda, sem á framangreindum ástæðum eru reistar.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur áfrýjandi aflað matsgerðar tveggja dómkvaddra manna, sem meðal annars hafa metið endursöluverð pressunnar á tjónsdegi um það bil 3.500.000 krónur. Reisir áfrýjandi kröfur sínar á niðurstöðu þeirra. Hafa matsmennirnir gefið munnlega skýrslu fyrir héraðsdómi. Á matinu eru engir formgallar, og því hefur ekki verið hnekkð með yfirmati. Ber því að hafa það til hliðsjónar í lögskiptum aðila. Fram kemur hjá matsmönnum, að markaður fyrir sambærileg tæki er takmarkaður og háður óvissuþáttum og upplýsingar, sem þeir öfluðu erlendis um markaðsverð þeirra, leika á allnokkru bili.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að pressan væri enn í eigu áfrýjanda. Ekki nýtur gagna í málinu um hugsanleg verðmæti, sem í henni felast til sölu í brotajárn eða með

öðrum hætti. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður bótafjárhæð lækkuð. Pykja bætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar 2.700.000 krónur, sem stefnda verður gert að greiða með vöxtum, svo sem nánar getur í dómsorði. Þá verður stefnda gert að greiða málskostnað, sem ákveðst sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Bjarni Sigfússon, greiði áfrýjanda, Guðmundi Aðalsteinssyni, 2.700.000 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 1. ágúst sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1993, 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar og með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 29. október 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað með stefnu, þingfestri 26. janúar sl., af Guðmundi Aðalsteinssyni, kt. 300352-7669, Dalvegi 6, Kópavogi, á hendur Bjarna Sigfússyni, kt. 130933-4089, Ystaseli 5, Reykjavík, til heimtu skaðabóta og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Bjarni Sigfússon, verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda 159.998 kr. ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og í stefnu greinir, og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Réttargæslustefndi gerir ekki aðrar kröfur á hendur stefnanda en þær, að stefnanda verði gert að greiða réttargæslustefnda málskostnað vegna réttargæsluaðildar hans að málinu.

II.

Hinn 8. mars 1991 keypti stefnandi stanspressu af tegundinni F. Müller, árgerð 1958, af þrotabúi Rafha hf. Hugðist stefnandi nota pressuna í þágu vélsmíðju sem hann rekur. Hinn 25. júlí 1993 ráðgerði stefnandi að flytja pressuna úr húsnæði þrotabúsins í Hafnarfirði og í húsnæði sitt við Dalveg í Kópavogi. Þurfti að hífa pressuna upp úr umræddu húsnæði þrotabúsins gegnum þak þess, sem rjúfa varð í þeim tilgangi. Var stefndi, sem rekur kranabjónustu, fenginn til verksins. Notaði stefndi til þess tvo krana og þar til gerðar stroffur, sem bundnar voru um pressuna. Stefndi stjórnaði öðrum krananum í hífingunni, en starfsmaður hans hinum. Þegar verið var að hífa pressuna upp úr húsinu gegnum þak þess, virðist sem hlykkur hafi komið á annan togvírinn með þeim afleiðingum, að stroffur, sem héldu pressunni, slitnuðu, svo að pressan féll til jarðar og eyðilagðist.

Með bréfi, dagsettu 8. september 1993, þegar ljóst var, að tryggingafélag stefnda myndi ekki bæta tjónið, fór stefnandi fram á bætur úr hendi stefnda. Féllst stefndi á að greiða stefnanda 150.000 kr. í bætur vegna tjónsins, en á það hefur stefnandi ekki viljað fallast.

Að beiðni stefnanda voru 3. mars 1984 dómkvaddir matsmennirnir Kristján Jónsson vélstjóri og Gunnar Hólm Hjálmarsson, tæknilegur ráðgjafi, til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvert telja matsmenn endursöluverð pressunnar hafa verið á tjónsdegi?
2. Er hægt að fá samsvarandi pressu í dag, og ef svo er, hvað myndi slík pressa kosta?
3. Hvers virði er pressan í núverandi ástandi?
4. Er hægt að endurbyggja pressuna, þannig, að hún verði jafngóð og áður?
5. Ef svo er, hvað myndi slík endurbygging kosta?

Matsmenn skiluðu matsgerð 28. september 1994. Eru niðurstöður hennar sem hér segir:

1. Endursöluverð pressunnar á tjónsdegi var um það bil 3.500.000 kr.
2. Samsvarandi notuð pressa myndi kosta í dag 3.500.000 kr. til 5.000.000 kr. auk flutningsgjalds til landsins.
3. Pressan er einskis virði í núverandi ástandi.
4. Ekki er hægt að endurbyggja pressuna, og verksmíðjan, sem smíðaði hana, er ekki lengur til.

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina og gefið um hana skýrslu.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar almennum reglum skaðabótaréttar um bæt-ur utan samninga, enda telji stefnandi, að rekja megi tjón á pressunni til mistaka og/eða vangæslu við hífingu pressunnar og/eða bilunar í þeim bún-aði, sem notaður var, og að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda hafi stefndi tekið að sér sem sérfróður verktaki að sjá um hífingu pressunnar. Til verksins hafi stefndi notað eigin krana og verkfæri og haft sér til aðstoðar starfsmann sinn. Stefndi hafi einn séð um undirbúning, framkvæmd og stjórnun á hífingunni.

Um fjárhæð bóta vísi stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar um, að fullar bætur skuli koma fyrir tjón. Verðmæti pressunnar á tjónsdegi hafi verið 3.500.000 kr. samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, og því sé það sú fjárhæð, sem stefnda beri að greiða stefnanda. Sú staðreynd, að stefnandi hafi keypt pressuna ári fyrir á 200.000 kr., breyti engu um tjón hans. Geti tjónið eingöngu verið verðmæti þess hlutar, sem forgörðum fer, og breyti þar engu, með hvaða hætti eða hvaða verði tjónþoli eignaðist tjóns-andlagið. Þannig hafi það ekki áhrif á ákvörðun bótafjárhæðar eftir íslensk-um skaðabótarétti, hvort tjónþoli hafi fengið tjónsandlagið gefins, unnið það í happdrætti, erft það eða keypt á margfalt herra verði en verðmæti hlutarins er, bæturnar séu og eigi alltaf að vera hinar sömu, þ. e. verðmæti hlutarins. Birtist þessi meginregla m. a. í 37. gr. og 38. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Stefnandi krefjist meðalvaxta óbundinna sparisjóðsreikninga samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá tjóns-degi til 29. október 1994, en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en 29. október 1994 hafi verið liðinn mánuður, frá því að stefnandi sendi stefnda kröfubréf ásamt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, og beri krafan dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 9. gr. nefndra laga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi gengið til ofangreinds verks mjög ófús. Hafi hann varað stefnanda við því, að mikil áhætta væri í því fólgin að hífa pressuna með tveimur krönum upp í gegnum þak hússins. Stefnandi hafi tjáð stefnda, að pressan væri ekki nema 150.000 kr. virði, og beitt þeirri röksemd í umræðum um kostnað vegna verksins, að hann mætti ekki fara fram úr verðmæti pressunnar, því að þá borgaði sig engan veginn að hífa pressuna út. Hafi stefndi samþykkt að taka að sér verkið á þeim for-sendum, án þess að pressan væri sérstaklega flutningstrygð í hífingu.

Stefndi hafni út af fyrir sig ekki bótaskyldu, enda þótt starfsmenn stefnanda hafi brugðið stroffunum á pressuna, áður en hún var hífd, en hann hafni því algjörlega, að sér verði gert að greiða hærri bætur en það verð, sem stefnandi sjálfur hafi gefið honum upp, að væri verðmæti pressunnar. Hafi stefnandi sjálfur beinlínis verið að hafa áhrif á gjalddöku stefnda fyrir verkið með vísan til þess, að pressan væri um 150.000 kr. að verðmæti. Samkvæmt viðteknum reglum samningaréttar, að því er forsendur varði, verði stefnda aldrei gert að greiða hærri bætur en nemi verðmæti þeirrar áhættu, er hann tekur samkvæmt verksamningi. Megi í þessu sambandi hafa hliðsjón af þeim meginreglum, sem annars vegar komi fram í 2. mgr. 30 gr. og hins vegar 38. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þá telji stefndi mat dómkvaddra matsmanna máli þessu með öllu óskýlt, enda hafi stefnandi blekkst stefnda vísitandi, hafi hann gert sér grein fyrir því, að pressan væri margfalt meira virði en kaupverði hennar nam. Verði stefnandi því að bera það tjón sitt sjálfur, sem hann telji sig verða fyrir umfram kaupverð pressunnar.

Þótt stefndi telji matið ekki koma máli þessu við, sé því sérstaklega mót-mælt, einnig að því er varðar niðurstöðu, sem sé fáránleg og algerlega úr samhengi við þann raunveruleika, að pressan hafi ekki verið meira virði en nam verði hennar, er stefnandi keypti hana, 159.998. kr. Samkvæmt upplýsingum skiptastjóra þrotabúsins hafi verið reynt að selja pressuna og aðeins tvö tilboð komið í hana, annað þess efnis, að viðkomandi vildi fjarlægja pressuna fyrir ekki neitt og þóttist bjóða vel, og síðan boð stefnanda, sem hafi verið tekið.

Matið styðjist við hugsanlegt verðmæti pressunnar einhvers staðar úti í heimi. Tekið sé mið af sölu á „sambærilegri“ stanspressu af Müller-gerð, árgerð 1963, sem seld hafi verið frá Danmörku til Noregs á DKK 460.000. Engin skilgreining liggja fyrir um það, með hverjum hætti þessi verkfæri séu sambærileg, hvorki að því er varði árgerð né tegundarnúmer. Sé raunar frá-leitt, að unnt sé að meta pressuna til verðs á öðrum grunni en því verði, sem unnt hafi verið að fá fyrir hana á söludegi, því að þetta séu ekki tæki, sem seljist á stöðluðu markaðsverði, enda markaður mjög lítill. Taka verði tillit til þess, að um sé að ræða mjög gamla pressu og úrelta, sem tæpast séu líkur til, að unnt yrði að selja úr landi til nýtingar, heldur aðeins í brotajárn. Verði því að telja forsendur verðmatsins í matsgerðinni reistar á vægast sagt hæpnum grunni.

Af hálfu réttargæslustefnda er við það miðað um málskostnaðarkröfu á hendur stefnanda, að stefndi hafi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda. Samkvæmt váttryggingarskilmálum, 5. gr., lið 5.2, sem

takmarki ábyrgðina, nái váttryggingin ekki til ábyrgðar vegna þess tjóns, sem hér um ræðir. Þegar slysið hafi orðið, hafi pressan verið í vörslu stefnda, þegar hún hékk á bómu krana þess, sem notaður hafi verið. Samkvæmt texta umræddrar greinar beri váttryggingafélag ekki ábyrgð á því tjóni, sem varð, eins og málum háttaði. Telji réttargæslustefndi því réttargæslustefnu á hendur sér óþarfa, og því beri að taka tillit til málskostnaðarkröfu hans.

IV.

Í máli þessu hefur stefndi viðurkennt bótaskyldu sína, og tekur ágreiningur aðila því einungis til bótafjárhæðar.

Stefnandi fór þess á leit við stefnda, að hann tæki að sér að hífa fyrrgreinda stanspressu, um 35 tonn að þyngd, úr húsnæði þrotabús Rafha hf. í Hafnarfirði. Féllst stefndi á það, og komst þar með á samningur milli þeirra um verkið.

Fram er komið í málinu, að stefndi vissi, áður en hann vann verkið, að stefnandi hafði keypt pressuna á u. þ. b. 150.000 kr. af þrotabúinu. Var stefnanda kunnugt um þessa vitneskju stefnda.

Telja verður, að verk það, sem stefndi tók að sér, hafi í eðli sínu verið mjög áhættusamt, þar sem um var að ræða afar þungan hlut, sem tveir kranar sáu um að hífa gegnum op á húspaki. Þá þykir verða að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi ekki haft aðrar hugmyndir um verðmæti pressunnar en að stefnandi hefði keypt hana á um 150.000 kr. Samkvæmt því ber að fallast á það með stefnda, að það hafi verið forsenda þess, að hann tók að sér hið áhættusama verkefni, að hann taldi, að pressan væri ekki meira virði en að ofan greinir, og við það hafi jafnframt verið miðað, þegar samið var um þóknun stefnda fyrir verkið. Er það því álit dómsins, að stefnanda hafi borið að vekja athygli stefnda á því, að verðmæti pressunnar væri mun meira en söluverð hennar benti til, enda verður að telja alveg ljóst, að stefndi hefði ekki tekið verkið að sér algjörlega á eigin áhættu, hefði hann órað fyrir því, að pressan kynni að vera milljóna króna virði.

Af framansögðu leiðir, að eigi þykir annað fært en leggja söluverðmæti pressunnar, 159.998 kr., til grundvallar tjónsfjárhæð í máli þessu. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bjarni Sigfússon, greiði stefnanda, Guðmundi Aðalsteinsyni, 159.998 kr. með 1,0% ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 1. september

1992, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1993, með 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1993, með 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 29. október 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. október 1995.

Málskostnaður fellur niður.
